



Skipulag byggðar með tilliti til náttúruvár

Að byggja og búa í lifandi landi og náttúru

Ráðstefna um almannavarnir og skipulag á vegum
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og lögreglustjóra-
embættanna á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum,
í samstarfi við Skipulagsstofnun


Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

17.5.2019

Skipulagsstofnun

-
- The map shows the Hraunhöfn area in Iceland, with the proposed Hraunhöfn Hydroelectric Power Station marked by a red dot. The map includes contour lines, rivers, and various geographical features. Key locations marked include Hraunhöfn, Bjarnar foss, and Knarrarfjall. The proposed power station is indicated by a red dot labeled 'HRAUNHÖFN'.

- Aðstæður greindar; möguleikar og takmarkanir
- Þarf að taka tillit til náttúruvár á skipulagssvæðinu?
 - Ofanflóð
 - Berghlaup
 - Árflóð
 - Sjávarflóð
 - Eldvirkni
 - Jarðskjálftar
 - Ofviðri
 - Gróðureldar
- Loftslagsbreytingar



- Þekkt náttúruvá?
- Liggja fyrir reglur/viðmið um hvað skal lagt til grundvallar í skipulagi varðandi skilgreiningu hættusvæða?
- Liggja fyrir reglur/viðmið um hvaða takmarkanir náttúruváin setur mannvirkjagerð og nýtingu svæða?




Mynd 11. Svæði þar sem vatnsdýpi verður meira en 2 metrar, miðað við flóð allt að 300.000 m³/s. Mynd úr skýrslu á hættumati vegna Hamfarahlaups úr vestanverðum Mýrdalsjökli.

Úr aðalskipulagi Rangárþings ytra

- Skipulagsáætlanir hafi öryggi landsmanna að leiðarljósi og stuðli að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands
- Skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum
- Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum
- Við skipulagsgerð sveitarfélaga sé tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum og tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga. Sérstaklega skal hugað að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum.

Áfram úr skipulagsreglugerð I


- Í aðalskipulagi þarf að gera grein fyrir náttúruvá og helstu einkennum hennar
- Í aðalskipulagi skal taka tillit til hættumats og gera grein fyrir takmörkunum og reglum sem gilda um landnotkun og mannvirkjagerð
- Í deiliskipulagi skal afmarka svæði undir náttúruvá og gera grein fyrir takmörkunum á mannvirkjagerð
- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir þekktum flóðasvæðum, hættumati og varnavirkjum þar sem þau eru fyrir eða fyrirhuguð og sérstökum skilyrðum sem sett eru í hættumati um styrkingar og útfærslu mannvirkja



Óheimilt er að byggja nær flóðvarnargarði sem liggur milli strandar og byggðar en sem nemur 20m frá garðinum, sjá hindrunarlínu á uppdrætti. Lágmarks gólfhæð nýrra húsa, endurbyggðra húsa og viðbygginga innan deiliskipulagsreitsins skal vera 4,65m.y.s. Varðandi viðbyggingar getur þurft að endurskoða þessi viðmið skapist mikið vandamál á milli gólfa. Á lóðum er liggja að Túngötu má gólfkóti vera nokkru lægri eða 4,30m.y.s.

Sjóvarnargarður og skipulagsskilmálar við strönd – dæmi úr deiliskipulagi á Eyrbakka, Árborg

- Ekki skal staðsetja byggingarreiti á svæðum þar sem vitað er að tjón hafi orðið af völdum ofanflóða eða þar sem líklegt má telja að ofanflóð geti fallið, nema fyrir liggi hættumat sem heimilar slíkt
- Óheimilt er að byggja á þekktum flóðasvæðum við ár, vötn og sjó
- Á lágsvæðum nálægt sjó skal hafa samráð við siglingasvið Vegagerðarinnar um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga
- Óheimilt er að byggja á þekktum jarðsprungum, misgengi eða nálægt hverum
- Á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir frístundahús og öðrum svæðum þar sem gera má ráð fyrir mannfjölda og hætta getur verið á gróðureldum, skal gæta þess að fleiri en ein greið leið sé um og frá svæðinu




En hvernig á að vinna með framangreind ákvæði laga, reglugerðar og skipulagsstefnu?



- Í ljósi þeirra ákvæða sem fram koma í skipulagslögum, skipulagsreglugerð og landsskipulagsstefnu (sbr. fyrri glærur), liggur þá fyrir, í einstökum tilfellum, við hvað skal miða varðandi skilgreiningu hættu og takmarkanir á mannvirkjagerð og starfsemi vegna náttúruvár?
- Svárið við því er bæði já og nei

Svæði	Neðri mörk staðaráhættu	Efri mörk staðaráhættu	Leyfilegar byggingar
C	$3 \cdot 10^{-4}$ á ári	–	Engar nýbyggingar nema frístundahús ¹ og húsnaði þar sem viðvera er lítil.
B	$1 \cdot 10^{-4}$ á ári	$3 \cdot 10^{-4}$ á ári	Atvinnuhúsnaði má byggja án sérstakra styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði (svo sem fjölbýlishús, sjúkrahús, skóla) með sérstökum styrkingum.
A	$0.3 \cdot 10^{-4}$ á ári	$1 \cdot 10^{-4}$ á ári	Heimilt er að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnaði án sérstakra styrkinga nema hvað styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði (svo sem fjölbýlishús, skóla, sjúkrahús) og íbúðarhús með fleiri en fjórum íbúðum.



¹Ef staðaráhætta er minni en $5 \cdot 10^{-4}$ á ári.

- Mikilvægt að nýta samráð í skipulagsferlinu til gagnaöflunar um þekkta hættu og til aðstoðar við að meta hvort og hvaða uppbygging er viðeigandi
- Getur átt við aðila eins og Veðurstofu Íslands, siglingasvið Vegagerðarinnar, vísindamenn, almannavarnir, slökkvilið, staðkunnuga ...
- Einnig veitir Skipulagsstofnun sveitarstjórnnum og ráðgjöfum þeirra leiðsögn við mótun skipulagstillagna og yfirfer skipulagstillögur á tilteknum þrepum í skipulagsferlinu


4.19.3 VARNARGARÐAR VEGNA SKYNDILEGRAR NÁTTÚRUVÁR

Í áætluninni er mörkuð stefna um að bygging nýrra varnarmannvirkja sem nauðsynleg eru vegna skyndilegrar náttúruvár svo sem eldgoss í Eyjafjalla- eða Mýrdalsjökli séu undanþegin formlegri breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagsgerð. Í þeim tilvikum skal þó haft samráð við hagsmunaaðila svo sem landeigendur og umráðaaðila lands áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis.

Bygging varnargarða vegna skyndilegrar náttúruvár s.s. eldgosa og flóða er háð eftirtöldum skilyrðum:

- A. Veiting framkvæmdaleyfis. Samráð skal haft við hagsmunaaðila (landeigendur og umráðaaðila lands), áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um að veita framkvæmdaleyfi.
- B. Varnargarðar skulu eftir því sem kostur er ekki byggðir á eftirtöldum svæðum:
 - Hverfisverndarsvæðum, svæðum á náttúruminjasrá, friðlýstum svæðum skv. náttúruverndarlögum svo og svæðum þar sem eru þekktar fornminjar.
 - Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga, sbr. kafla 5.1.

		VIÐFANGSEFNI GILDANDI LANDSSKIPULAGSSTEFNU			
		Búsetumynstur og dreifing byggðar	Skipulag í dreifbýli	Skipulag miðhálandisins	Skipulag haf- og strandsvæða
NÝ VIÐFANGSEFNI LANDSSKIPULAGSSTEFNU	LOFTSLAG				
	LANDSLAG				
	LÝÐHEILSA				



- Misjafnt eftir tegundum náttúruvár, hversu skýran ramma og leiðsögn sveitarstjórnir geta sótt í lög og reglur þegar þær vinna að skipulagi með tilliti til náttúruvár
- Þarf að skýra hlutverkaskiptingu og ábyrgð stjórnvalda á landsvísu varðandi setningu viðmiða um náttúruvá og ásættanlega/viðeigandi nýtingu náttúruvársvæða
- Ábyrgð sveitarstjórna sem skipulagsyfirvalda í héraði er rík í þessum efnum – að unnið sé faglega og af ábyrgð við mótun og útfærslu skipulagstillagna
- Væri æskilegt að fyrir lægi meira leiðbeiningarefni og aðstoð við skipulagsyfirvöld í héraði varðandi þessi efni
- Samráð er ávallt mikilvægur þáttur skipulagsgerðar og getur gengt mjög mikilvægu hlutverki varðandi mat á náttúruvá og áhrifum hennar á landnýtingu